

**Nd.**

**92. Nefndarálit**

[41. mál]

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta er borið fram sem stjórnarfrumvarp til staðfestingar á bráðabirgðalögum, er nauðsyn þótti að gefa út til staðfestingar á samkomulagi milli fulltrúa framleiðenda og neytenda, er þeir gerðu með sér um ákvörðun framleiðslukostnaðar landbúnaðarafurða og verðlagningu þeirra hinn 14. des. s. l. Nefndin hefur athugað málið og leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. febr. 1960.

Gunnar Gíslason,	Jónas Pétursson,	Ágúst Þorvaldsson.
form.	fundaskr., frsm.	
Benedikt Gröndal.	Karl Guðjónsson.	